

## Viðmiðunarreglur Borgarbyggðar vegna skóladvalar barna utan lögheimilissveitarfélags

Reglur þessar eiga eingöngu við þegar börn eru vistuð í leikskóla í öðru sveitarfélagi en lögheimilissveitarfélagi. Reglurnar byggja á viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### Leikskólar

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, hér eftir nefnt lögheimilissveitarfélag. Ef foreldri barns óskar eftir tímabundinni leikskóladvöl fyrir barnið í öðru sveitarfélagi skal send inn umsókn þess efnis og tilgreindar ástæður umsóknarinnar.

Gera má ráð fyrir að ósk um leikskóladvöl fyrir barn utan lögheimilissveitarfélags stafi einkum af eftirfarandi ástæðum:

1. Barn flytur í annað sveitarfélag en foreldri óskar eftir því að barnið sæki tímabundið leikskóla í sveitarfélagi þar sem það átti lögheimili fyrir flutning.
2. Barn, sem vegna náms eða þingmennsku foreldra fjarri lögheimili, þarf á leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi að halda.
3. Barni er ráðstafað tímabundið á fósturheimili samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar.

### Grunnskólar

Nemendur á grunnskólaaldri stunda að jafnaði nám í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Frá þessu er vikið í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar barn flyst í annað sveitarfélag á skólaárinu.
2. Þegar forsjáraðili barns óskar eftir að það fái að stunda nám í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags vegna skilnaðar eða sambúðarslita.
3. Þegar barni er ráðstafað í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi.

Flytjist lögheimili nemanda í annað sveitarfélag eftir að hann hefur byrjað skólagöngu í því sveitarfélagi, sem hann átti lögheimili í fyrir flutning, skal hann eiga rétt á að ljúka námi í þeim skóla sem hann stundaði nám í við flutninginn til loka skólaársins. Forsjáraðili nemanda sem óskað er eftir að fái að stunda nám í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags skal senda inn umsókn þess efnis til lögheimilissveitarfélags nemandans fyrir 15. apríl.

Í öllum tilfellum er gengið út frá því að barn sé einungis í einum leikskóla og sæki einn grunnskóla.

### Afgreiðsla umsókna

Fræðslunefnd felur Fræðslusviði Borgarbyggðar að afgreiða umsókn um skólavist í öðru sveitarfélagi og staðfesta greiðsluskyldu bæjarins vegna skólavistar nemandans.

Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga á hverjum tíma. Greiðslur vegna leikskólakostnaðar skulu inntar af hendi mánaðarlega fyrirfram fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði sem barn er í leikskóla nema sveitarfélög semji sérstaklega um að hafa annan hátt á.

Greiðslur vegna grunnskólabarna miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs nema um annað sé samið sbr. 6. grein. Þurfi nemandi á sérkennslu og/eða nýbúakennslu að halda skal um það samið sérstaklega.